

Formannafundur 1.02.2017 – startað kl. 18.00
Mættir: AHE, BPJ, SUV, VG – PMP – JAJ, GJ, MR.

Fundarstjóri: PMP og VG fundarritari.

Ein tillaga lá fyrir fundinum: breyting á úrslitum í Íslandsmóti Einstaklinga, AHE rakti forsöguna, RÚV vildi koma að beinni útsendingu á úrslitum í Íslandsmóti Einstaklinga, en uppsetning úrslita þótti ekki hentug og var beðið um að setja upp úrslit sem væru “sjónvarpsvænni” Sýnt verður á íþróttarás RÚV. Útsending byrjar kl. 19.30 og er í 60-90 mín.

Sendar höfðu verið út 3 tillögur um úrslitafyrirkomulag til að vinna úr.

MR: Hingað til hefur sá sem hefur verið efstur fyrir úrslit haft ákveðið forskot, er hægt og þá hvernig að láta þetta halda sér? Umræður.

JÁJ: útfærsla á útsendingu – bara eitt sett í gangi, þar sem meira flækjustig er að setja upp fleiri tæki og mannskap til að mynda á fleiri settum.

PMP: Tekin hafði verið saman upplýsingar um tímasetningu á þeim tillögum sem sendar höfðu verið út:

Tillaga 1: tekur c.a. 105-120 mín.

Tillaga 2: tekur c.a. 90 mín miðað við 3 keppendur af hvoru kyni í undanúrslitum og síðan 2 í úrslit.

Tillaga 3: tekur c.a. 90 mín

JÁJ: spurning hvort ætti að vera útfærsla á lið 2 þannig að nota samtalskor úr 2 leikjum til að finna Íslandsmeistara; umræður og þótti það ekki sjónvarpsvænt, almennt neikvætt.

Ákveðið samhljóða að nota tillögu 2, þ.e. að 3 fari í úrslit, leikinn einn leikur og sá lægsti dettur út, þeir 2 sem standa eftir spila einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Einnig ákveðið að sama fyrirkomulag verði notað í Íslandsmóti einstaklinga með forgjöf.

Fundi slitið kl: 18.40.